



FORELDRAHANDBÓK

«SAMAN GETUM VIÐ MEIRA»



Borgarbraut 101, s: 433-7160
310 Borgarnesi



Ágætu foreldrar

Við bjóðum ykkur og barnið/börnin velkomin í leikskólann Klettaborg. Rekstraraðili leikskólans er Borgarbyggð sem hefur eftirlit með starfi og rekstri. Málefni leikskólans falla undir fræðslunefnd.

Í þessari handbók eru ýmsar upplýsingar sem varða starfsemi leikskólans. Með von um gott samstarf ☺

Klettaborg

Leikskólinn Klettaborg er fjögra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 1árs - 6 ára og er staðsettur að Borgarbraut 101 í Borgarnesi. Deildirnar nefnast Ólátagarður, Kattholt, Sjónarhóll og Skarkalagata.

Leikskólinn Klettaborg starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Hlutverk leikskólans Klettaborgar er að stuðla að alhliða þroska barna og menntun sem byggir á faglegum metnaði, virðingu og þekkingu á þörfum barna. Hlutverk leikskóla er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem sjálfsprottni leikurinn er námsleiðin og áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit barnanna.

Leiðarljós

Framfarastefna Johns Dewey (1859-1952) er höfð að leiðarljósi í leikskólastarfinu, þar sem aðaláhersla er lögð á að börn læri með því að fást sjálf við viðfangsefnið ("learning by doing"). Eftir kenningu Dewey má skipta aðaláhugasviðum barna í fjóra þætti:

- Áhugi á samræðum og samveru, sem byggist á félagslegri eðlishvöt.
- Áhugi á að rannsaka og uppgötva.
- Áhugi á að búa til hluti, skapa og setja saman.
- Áhugi á listrænni tjáningu, þ.e. að tjá sig í myndlist, söng og hreyfingu.

Unnið er markvisst að því að hvert barn öðlist sjálfstraust og færni til að takast á við verkefni lífsins.

Til að barninu líði vel í leikskólanum þarf að vera ákveðinn rammi í deginum þannig að hver dagur gengur í stórum dráttum eins fyrir sig en með því öðlast barnið ákveðið öryggi.

Einkunarorð leikskólans eru: "Sjálfstæði – virðing – gleði".

- **Sjálfstæði:** vísar til þess að einstaklingur geti tekið eigin ákvarðanir, borið ábyrgð á eigin lífi og haft frelsi til að fylgja sínum sannfæringu og gildum. Til dæmis barn sem lærir að klæða sig sjálft. Sjálfstæði styrkir sjálfstraust, eykur ábyrgðartilfinningu og stuðlar að persónulegum þroska.

- **Virðing:** felur í sér að meta aðra og sjálfan sig, hlusta á skoðanir annarra og koma fram við fólk af sanngirni og kurteisi. Til dæmis að hlusta án þess að grípa fram í og að viðurkenna fjölbreytileika og ólíkar skoðanir. Virðing byggir upp traust, styrkir samskipti og stuðlar að heilbrigðu samfélagi.
- **Gleði:** er jákvæð tilfinning sem kemur fram þegar við upplifum ánægju, ánægjulegar aðstæður eða námum markmiðum. Til dæmis að hlægja með vinum eða klára verkefni sem maður er stoltur af. Gleði eykur vellíðan og hvetur til jákvæðra samskipta og bætir andlega heilsu.

Áherslur í starfi

Klettaborg er lýðræðislegur vettvangur og lærdómssamfélag þar sem börn, kennarar og foreldrar eru virkir þátttakendur og rödd allra fær að hljóma.

Áhersluatriði í leikskólastarfinu eru **einstaklingsmiðað nám, leikskólalæsi og heilsuefling**. Áhersluatriðin eru samofin öllum þáttum leikskólastarfsins og eru gerð skil í skólanámskrá leikskólans.

Opnunartími leikskólans

Leikskólinn er opinn virka daga frá kl. 7.45-16.15.

Leikskólinn er gjalfrjáls í sex tíma á dag (8.00-14.00).

Dvalartími getur verið 4 – 8 klst. á dag. Foreldrar eru beðnir um að virða dvalartíma barna sinna. Hægt er að fá auka 15 eða 30 mínútur til viðbótar dvalartímanum. Öll börn þurfa að taka a.m.k. 4 vikna samfelld leyfi á hverju sumri og falla leikskólagjöld niður í júlí.

Að byrja í leikskóla

Aðlögun

Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður milli foreldra og kennara er forsenda þess að leikskóladvöl verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögunin, þar er lagður grunnur að góðu samstarfi milli foreldra og kennara. Við trúum því að öruggir foreldrar smiti öryggi og forvitni til barna sinna. Með því að foreldrar taki þátt frá fyrsta degi öðlast þeir traust á dagskipulaginu og kynnast starfsfólkinu. Auk þess myndast oft góð tengsl og vinskapur milli foreldra.

Þátttökuaðlögun

Að byrja í leikskóla er stórt skref í lífi barns og fjölskyldu þess, fyrir marga eru þetta tímamót sem geta valdið bæði spennu og streitu. Til að gera umskiptin sem auðveldust fyrir börn, foreldra og starfsfólk styðjumst við **þátttökuaðlögun**.

Þessi aðferð, byggir á sænskri fyrirmynd og gengur út á að barnið sé ekki „skilið eftir“ í leikskólanum, heldur læri að vera í nýjum aðstæðum með stuðningi foreldra. Foreldrar taka virkan þátt í starfinu fyrstu dagana og eru með barninu allan tímann.

Hvernig fer þetta fram?

- **Dagur 1:** Foreldrar og börn mæta saman í leikskólann kl. 9:00–11:30.
- **Dagur 2 og 3:** Foreldrar eru áfram með börnunum frá kl. 9:00–15:00 (vistunartími barnsins).

- Foreldrar sinna sínum börnum, gefa þeim að borða, skipta á þeim og leika með þeim. Starfsfólkið skipuleggur daginn og styður bæði börn og foreldra.
- **Dagur 4:** Börnin koma í leikskólann og dvelja ein allan sinn vistunartíma. Í einstaka tilfellum fylgja foreldrar barninu í fjóra daga ef það hentar betur.

Ef barnið hefur áður verið í leikskóla er aðlögunartíminn metinn í samráði við foreldra og deildarstjóra.

Dvalarsamningur

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera leikskólinn og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá og verklagsreglur fyrir leikskóla Borgarbyggðar og skuldbinda sig til að hlýta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Upplýsingar um barnið

Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar og lögð er áhersla á góð samskipti á milli kennara og foreldra.

Mikilvægt er að foreldrar tilkynni leikskóla um breytingar á högum sínum s.s. breytt heimilisfang, símanúmer, vinnusíma, netfang og breytta hjúskaparstöðu.

Í leikskólanum þurfa að vera a.m.k. 2-3 símanúmer fyrir hvert barn svo hægt sé að ná í aðstandendur ef þörf er á.

Leikskólinn notar leikskólakerfið Karellen (app) sem er skráningakerfi, gjaldakerfi, auk þess eykur það upplýsingaflæði og samskipti milli leikskóla og heimilis. Helstu upplýsingar um kerfið eru á www.karellen.is

Að koma og fara úr leikskóla

Það er mikilvægt fyrir barnið að mæta vel og stundvíslega í leikskólann, ekki er gott að koma með barnið frá kl. 11.30-12.45 nema við sérstakar aðstæður, á þessum tíma er hádegismatur, hvíld, róleg stund og skipulagt hópastarf fyrir eldri börnin. Foreldrar þurfa sjálfir að aðstoða börnin sín við að klæða sig í og úr við komu/brottför og mjög áríðandi er að láta kennara vita þegar barnið kemur og fer. Foreldrar eru beðnir að láta vita ef einhver annar sækir barnið, kennurum er óheimilt að afhenda barnið öðrum en þeim sem skráðir eru, einnig veitir það barninu öryggi að vita hver sækir það. Óheimilt er að börn yngri en 12 ára sækji börn í leikskólann.

Fjarvistir barna

Veik börn eru viðkvæm og vansæl og eiga ekki að vera í leikskólanum.

Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að tilkynna ef barnið er veikt eða fjarverandi af öðrum orsökum, hægt er að gera það í Karellen appinu.

Kennurum er ekki heimilt að gefa börnunum lyf nema í sérstökum undantekningartilfellum og þurfa foreldrar þá að ræða það við leikskólastjóra.

Ef um er að ræða sérstakar breytingar eða erfiðleika í lífi barns er unnið að þeim málum í samráði við foreldra.

Óhöpp/slys

Í leikskólanum má alltaf búast við óhöppum þar sem stór hópur barna er saman kominn. Ef barn veikist eða slasast er strax haft samband við aðstandendur barnsins og eru áframhaldandi aðgerðir ákveðnar í samráði við þá. Ef barn þarf frekari skoðun eða aðhlynningu er slysið skráð í leikskólanum.

Í leikskólanum er starfandi áfallaráð sem starfar skv. Áfallaáætlun leikskólans. Hlutverk áfallaráðs er að fara með verkstjórn ef válegir atburðir gerast sem snerta börn og kennara leikskólans.

Klæðnaður

Þar sem leikskólinn er vinnustaður barnanna er nauðsynlegt að þau séu í fötum sem sjá má á og hæfa skólastarfi.

Útiföt þurfa að vera í samræmi við veðurfar og allur klæðnaður vel merktur barninu. Nauðsynlegt er að börnin hafi góð og hlý föt þegar þannig viðrar.

Fatakassi með aukafötum er í fataklefum, fyrir hvert barn, töskur eru því óþarfar undir aukafötin. Foreldrar þurfa að fylla á fatakassana þegar eitthvað vantar. Við reynum að minnka plastnotkun með því að nota fjölnota taupoka undir föt sem verða óhrein í leikskólanum. Foreldrar eru beðnir að skila pokunum hreinum eftir notkun í þar til gerðar körfur.

Á föstudögum þurfa foreldrar að taka allt úr hólfum barnanna svo hægt sé að þrifa þau.

Lausnateymi leikskólans

Hlutverk þess er að veita ráðgjöf vegna hegðunar-, samskipta- og/eða námserfiðleika barna eða barnahópa. Teymið ræðir tillögur að lausnum og tekur ákvarðanir um framhald einstakra mála. Í lausnateyminu eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri.

Útskrift

Útskrift elstu barna er í maí. Þá bjóða börnin foreldrum og öðrum aðstandendum á skemmtun sem þau hafa undirbúið, síðan fá börnin afhent “útskriftarskjal” ásamt ferilmöppu með verkefnum og öðru efni sem þau hafa gert frá upphafi leikskólagöngu.

Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að taka þátt í starfinu og reglulega er “opið hús” en þá eru foreldrar sérstaklega velkomnir.

Foreldrasamstarf

Undirstaða árangursríks leikskólastarfs og forsenda fyrir vellíðan barna í leikskóla er m.a. góð samvinna við foreldra og gagnkvæmt traust þar sem trúnaður ríkir.

Kennarar leikskólans eru bundnir þagnarskyldu. Ef upp koma vandamál er mikilvægt að ræða við deildarstjóra viðkomandi deildar eða leikskólastjóra sem allra fyrst til að finna lausn á vandanum.

Á haustin er haldinn foreldrafundur þar sem leikskólastarfið er kynnt og þá gefst foreldrum einnig tækifæri til að ræða um leikskólann og starfsemi hans.

Boðið er uppá tvö foreldraviðtöl á ári en foreldrum er velkomið að óska eftir viðtali oftart ef þeir vilja.

Fréttaskot frá hverri deild er sent í tölvupósti í vikulok og eru foreldrar beðnir að lesa það vel til að geta fylgst með því sem um er að vera hjá barninu í leikskólanum og fá aðrar upplýsingar. Foreldrar þurfa jafnframt að lesa á upplýsingatöflur í fataklefa daglega.

Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag. Í samstarfi við leikskólann býður foreldrafélagið börnunum upp á ýmsa tilbreytingu s.s. leiksýningar, grill, veitingar í útskriftarhófi elstu barna o.fl.

Foreldrar allra barna í leikskólanum eru í foreldrafélaginu og er gjald innheimt tvisvar á ári.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að fylgjast með og gefa umsagnir til leikskólans og fræðslunefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu.

Kjósa skal í foreldraráð við leikskólann í september á ári hverju, í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar og kosið er til eins árs í senn.

Hátíðir og hefðir í leikskólanum

Afmæli barnanna

Afmæli eru haldin hátíðleg í leikskólanum m.a. með því að barnið fær kórónu og síðan er afmælisdagurinn “dagur barnsins” að auki býður afmælisbarnið börnunum á deildinni uppá saltstangir.

Það kemur fyrir að sum börn bjóði heim í afmæli og þar sem mikil áhersla er lögð á vináttu í leikskólanum mælumst við til þess að boðið sé þannig að börn upplifi sig ekki útundan.

Öðruvísi dagar

Leikskólinn tekur þátt í hinum ýmsu uppbotum eða tilbreytingu í leikskólastarfinu og eitthvað er gert öðruvísi og skemmtilegt. Börnin mega stundum koma með eitthvað að heiman eða við klæðumst einhverjum ákveðnum lit. Allt uppbot á leikskólastarfinu er auglýst í fréttaskotum deilda og á upplýsingatöflu í fataherbergi.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur 6. febrúar ár hvert. Markmiðið er að auka jákvæða umræðu um leikskólann og kynna starfið út á við.

Þorablót

Á bóndadaginn er þorablót með þorramat og þorragleði.

Bollu- sprengi- og öskudagur

Haldið er í gamlar hefðir með því að borða bollur og saltkjöt/baunir, á öskudag er haldið furðufataball þar sem allir koma í furðufötum og kötturinn sleginn úr tunnunni.

Gleðivika

Í mars er svokölluð Gleðivika, þá er lögð sérstök áhersla á litina; hver dagur hefur ákveðinn lit og börnin koma þá í einhverju gulu, rauðu o.s.frv. Einhver tilbreyting er á hverjum degi s.s. rugldagur, dótadagur o.fl.

Dagur íslenskrar tungu

Á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar þann 16. nóvember, kemur 4. Bekkur grunnskólans og les fyrir börnin.

Desember

Í desember er aðalmarkmiðið að hafa notalegt og rólegt andrúmsloft, minnug þess að jólin eru hátíð ljóss og friðar.

“Litlu jólin” eru haldin hátíðleg með jólaballi og jólamat, þá koma börnin í betri fötum.

Í samverustundum eru lesnar jólasögur og sungin jólalög, einnig búa börnin til jólagjöf handa foreldrum sínum.

Eldvarnavika og eldvarnir

Í nóvember ár hvert er eldvarnavika þar sem lögð er áhersla á fræðslu og umræður um eldvarnir jafnframt er verið að minna foreldra og forráðamenn á mikilvægi þess að hafa eldvarnir heimilisins í lagi.

Aðstoðarmenn slökkviliðsins er samstarfsverkefni leikskólans og slökkviliðsins um eldvarnir og fræðslu. Mánaðarlega fara elstu börnin 2-3 saman í eldvarnareftirlit með leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra, þá fara börnin í vesti og athuga með eldvarnir s.s. brunakerfi, útgönguleiðir, slökkvitæki og eldvarnarteppi.

Annað

Leikskólinn tekur árlega þátt í ýmsum dögum og hátíðum sem eru í gangi í sveitarfélaginu eða á landsvísu.

Grunnskóli – heilsugæsla – sérfræðipjónusta

Samstarf leikskóla við grunnskóla/tómstundaskóla

Gott samstarf er við grunnskólann og eru reglulega haldnir fundir til að auka og bæta það samstarf. Persónuupplýsingar sem liggja fyrir og eru nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun í grunnskóla fylgja barninu á milli skólastiga skv. Lögum.

Á vorönn fara elstu börnin í litlum hópum í heimsókn í grunnskólann, stefnt er að tveimur heimsóknum fyrir hvert barn. Grunnskólinn býður elstu börnunum í vorskóla á vorin, nánari dagsetning kemur fram á skóladagatali beggja skólastiga. Tilgangurinn er að börnin aðlagist nýju umhverfi og verði betur undirbúin fyrir grunnskólagönguna.

Að hausti kemur 1. bekkur grunnskólans í heimsókn í leikskólann.

Samstarf leikskóla og heilsugæslu

Börn fara í skoðanir á heilsugæsluna við 18 mánaða aldur, 2½ árs og 4 ára.

Ef niðurstöður skoðana á heilsugæslustöð gefa vísbendingar um þroskafrávik hefur heilsugæslan með leyfi foreldra samband við leikskólann og einnig getur leikskólinn haft samband við heilsugæsluna með leyfi foreldra.

Skólaþjónusta Borgarbyggðar

Börn í leikskólum sveitarfélagsins hafa aðgang að sérfræðiaðstoð þ.e. talmeinafræðingi, sálfræðingi/atferlisfræðingi. Sótt er um þá aðstoð í samráði við leikskólastjóra og/eða sérkennslustjóra.

Ýmsar upplýsingar

Skóladagatal

Skóladagatal hvers skólaárs er samþykkt af fræðslunefnd að vori, þar koma fram helstu viðburðir í leikskólastarfinu frá ágúst-júní.

Námskeiðs- og skipulagsdagar

Fimm virka daga á ári er leikskólinn lokaður og kennarar undirbúa og endurmeta leikskólastarfið. Haldin eru námskeið, fengnir fyrirlesarar o.fl.þ.h. Þessir dagar eru auglýstir með góðum fyrirvara og koma fram á skóladagatali.

Leikskólagjöld

Leikskólagjald er greitt fyrirfram. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn á leikskóladvöl þarf alltaf að vera skrifleg, (tölvupóstur) Breytingar á dvalartíma þarf að sækja um hjá leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar. Breytingar miðast við mánaðamót.

Sumarfrí

Barn í leikskóla skal taka að lágmarki fjögurra vikna samfelld sumarleyfi ár hvert. Óski foreldrar eftir því að taka fimm til átta vikna samfelld sumarleyfi eru þær vikur einnig gjaldfrjálsar.

Skráningardagar

Skráningardagar eru þeir dagar þegar grunnskóli er í vetrar- jóla- og páskafríi ár hvert. Á skráningardögum þurfa foreldrar að skrá börn sín í leikskólann. Þær dagsetningar sem um ræðir liggja fyrir í skóladagatali leikskólans. Noti foreldrar ekki skráningardaga fá þeir niðurfeld gjöld fyrir þá daga. Fleiri en fimm börn þurfa að vera skráð í leikskólann svo það sé opið í leikskólanum.

Heimasíða

Heimasíða leikskólans er borgarbyggd.is/stofnun/klettaborg Þar er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um leikskólann, netföng stjórnenda, verklagsreglur fyrir leikskóla Borgarbyggðar o.fl.

Fyrst útgefið í febrúar 2007.
Endurskoðað mars 2026.

Ábyrgðarmaður: Margrét Halldóra Gísladóttir leikskólastjóri